



Febrúar 2023

Ágætu félagar

Þann 15. febrúar s.l. hófst fræðsla fyrir leiðtoga í skólum á vegum félagsins. Fulltrúar frá rúmlega 30 leik- og grunnskólum vítt og breitt um landið, voru skráðir til leiks. Markmið fræðslunnar er að tengja leiðtoga saman þannig að þeir geti skiptst á upplýsingum, hugmyndum og verkfærum. Einnig er markmiðið að þetta tengslanet uppbyggingaskóla á Íslandi og efla samstarf milli þeirra. Eftir fyrsta fundinn var hópnum skipt upp í fámenna, sjálfstæða leiðtogahópa sem hafa það markmið að hittast rafrænt í mars og apríl og lokafundur verður síðan sameiginlegur 15.maí n.k. Leiðbeinendur eru Fanney D. Halldórsdóttir og Guðbjörg M. Sveinsdóttir. Á þessum fyrsta fundi fóru leiðbeinendur yfir markmið og fyrirkomulag fræðslunnar og síðan voru verfæri uppbyggingar rifjuð upp og rætt um hlutverk leiðtoga í skólunum.

Það er von okkar í stjórninni að svona fræðsla efli þátttakendur þannig að þeir verði enn öflugri leiðtogar sem geta síðan stýrt starfinu með öllum starfsmönnum skólanna. Þess skal getið að fræðsla leiðtoga er fulltrúum frá styrktarskólum að kostnaðarlausu.

Stjórn félagsins er þessa dagana að hefja skipulagningu sumarnámskeiða og verða þau auglýst á vordögum.

Enginn aðalfundur verður þetta vorið því að á síðasta aðalfundi var samþykkt að halda aðalfund annað hvert ár, það ár sem endar á sléttri tölu. Næsti aðalfundur verður því vorið 2024.

Von er á þarfahringnum og grunnþörfunum á úkraínsku inn á heimasíðuna næstu dagana. Á heimasíðunni er þarfahringurinn og grunnþarfirnar til á ensku, norsku, spænsku og pólsku, auk íslensku. Þetta eru myndirnar af hringjunum, sem gott er að prenta út t.d. sem A3 spjald og hengja upp í skólanum.

Gott er að benda líka á að dæmi um ársáætlun er komin inn á netið. Hún er frá Grunnskóla Grindavíkur og gefur ykkur hugmynd um hvernig áætlun getur litið út fyrir grunnskóla.

Þeir skólar sem vinna með uppbyggingu sjálfsaga eru styrktarskólar í félaginu. Ef þið hafið ekki enn gerst styrktarskólar þá er um að gera að hafa samband við gjaldkera félagsins Sveinbjörn M. Njálsson netfang: sveinbjorn.njalsson@gmail.com. Styrktarskólar fá ýmsa fræðslu fyrir starfsfólk sitt fyrir lægri upphæð en aðrir skólar og/eða ókeypis sbr. leiðtogafræðsluna. Félagið greiðir ferðakostnað leiðbeinenda þannig að allir skólar fái fræðslu á sama verði hvar svo sem þeir eru á landinu. Þeir geta líka fengið handleiðslu bæði í gegnum netið eða símleiðis.

Upplýsingar og pantanir á bókum, taupokum og inni- og útifánum er einnig að fá hjá gjaldkera félagsins.

Þessa dagana eruð þið vafalaust flest að hefja vinnu í anda Velferðarlaganna og viljum við vekja athygli á að gildi uppbyggingastefnunnar styðja við þá hugmyndafræði sem fram kemur í lögunum. Vinna með jákvæð lífsgildi, góðan bekkjar- og skólabrag, að þekkja sjálfan sig, læra af mistökum og byggja sig upp á jákvæðan og hvetjandi hátt til að verða sterkari manneskja eru þættir sem við notum til að styrkja nemendur okkar. Uppbyggingastefnan byggir á gagnrýndum aðferðum og eins og sjá má t.d. á bókalistanum á heimasíðu samtakanna þá hafa margir skoðað, rýnt og fjallað um þessa nálgun í samskiptum við börn.

Gangi ykkur vel í uppbyggjandi og jákvæðum störfum ykkar. Munum eftir að aðstoða hvert annað og hjálpast að við að efla jákvæð samskipti.

Með bestu kveðjum f.h. stjórnar

Guðbjörg M. Sveinsdóttir, formaður félagsins Uppbygging sjálfsaga